

# SÝNINGARSKRÁ

## SÝNING Á VINNUSTOFU JÓHANNESAR S. KJARVAL



*Kjarvalsstöðum 8.- 22. september 1981  
Opið frá 2-10 alla daga.*

## Á STOFU HJÁ KJARVAL

Að koma á stofu til Kjarvals máist ekki úr minningu manns, sem þangað lagði leið sina. Sá, er eitt sinn leit inn til málarans á efstu hæðinni í Austurstræti 12, átti raunverulega ekki þaðan afturkvæmt samur maður. Það, sem þar var innan veggja, festist svo rækilega í vitundinni, enda þeir straumar og það andrúmsloft, sem þar ríkti, vart af þessum heimi. Furðuveröld um alla veggi og dýrðleg málverk hér og þar um alla stofuna. Á trönum óklárað málverk, kistill með gómsætum flatkökum og hönk af hákarli og síðast en ekki síst húsþóndinn, sjálfur málarinn, klæddur vinnuúlpu með barðamikinn hatt á höfði, pensil í munni og litaspjald í hendri. Hér var unnið.

Listamaðurinn notaði alla veggi, einnig gólflista og jafnvæl ofna til myndgerðar. Þarna voru teikningar, gerðar með bleki og með kolum. Allt í svart/hvitu — aðeins vottaði fyrir lit á stöku stað, eða voru það skuggar, ef til vill snjáð veggfóðrið? Hér kenndi margra grasa, hér var ef til vill lífsfrísa Kjarvals, orðin til á löngum tíma, sem listamaðurinn hafði unnið að í áraraðir. Undraheimur; Fornmaður, álsfar og undursamleg andlit, skúta á siglingu í rjúkandi byr, svo að aðeins sé stiklað á stóru. Það virtist samhengi í myndheiminum, sem vart yrði sundur slitið. Hver veit, nema þetta hafi verið sérstæðasta vinnustofa í viðri veröld? Og hver gat unnið vð málverk í slíku umhverfi? Enginn — nema Kjarval.

Það var á þeim árum, er Íslendingar voru fátækir, sem þessi miklu verk urðu til. Það voru ekki ráð til að kaupa dýr efni, en hugurinn heimtaði, að stórt væri unnið. Það var viðfeðm sveifla í tilverunni, og henni varð að hlýða. Svo breyttist tíðin. Íslendingar urðu vel efnunum búnir, og Kjarval flutti í rúmbetri húsakynni. Hann sagði þó aldrei skilið við sinn vinnustað, Austurstræti 12, þar sem lífsfrísa hans skreytti veggi — þar sem svo mikið af bestu verkum hans urðu til. Hann varðveitti þessa veggi, en sá ekki við tímans tærandi mætti. Veggirnir voru að molna niður, lífsfrisan var í hættu. Að Kjarval látn-

um æxlaðist það þannig til, að færstu menn fara um þessi verk höndum, og nú eru þau komin hér til sýnis í eins góðu ástandi og mögulegt er.

Það er merkilegt, að nú gefst kostur á að sjá vinnustofu Kjarvals í Austurstræti 12 endurgerða. Fólk getur heimsótt stofu Kjarvals, en auðvitað vantar eitt og annað í þessa endurskópun. Hún er samt forvitnileg. Þar svifur andi meistarans og kallar fram minningar og söknud. En þótt Jóhannes Kjarval sé horfinn af sjónarsviðinu, lifir hann áfram sterkt og stöðugt í þeim verkum, sem á veggjunum eru. Hér hefur verið bjargað frá tortímingu einu furðuverki íslenskrar myndlistar, og miklar eru þær þakkir, sem þeir menn eiga, er unnið hafa það björgunarstarf af framsýni og þekkingu.

Teikningarnar á veggjum vinnustofu Kjarvals eru í senn bæði minnisvarði yfir visst timabil í sögu lands og þjóðar og snilli þess, er skóp. Frammi fyrir þessum veggjum má heyra hina hljómfögru og djúpu rödd Kjarvals: Gerið svo vel að ganga í bæinn. Það er öllu óhætt, það eru bara teikningar á veggjum. Engir litir — bara svart og hvitt:

Valtýr Pétursson.



### JÓHANNES S. KJARVAL

- 1 Vinnustofa.
- 2 Húsbygging. Vatnslitir.  
49 × 33 sm.
- 3 Ása. Rauðkrit. 30 × 35 sm.
- 4 Egill i Sigtúnum. Kolteikning  
43x55 sm.
- 5 Sveinn. Rauðkrit. 25 × 30 sm.
- 6 Frá Þingvöllum. Olia á Striga.  
200 × 93 sm. Frá 1933.
- 7 Frá Þingvöllum. Olia á striga.  
123 × 74 sm.
- 8 Andlit. Bl.Tækni. 84 × 108 sm.
- 9 Afmælisblóm á 65 ára afmælinu.  
Olia á striga. 114 × 83 sm.
- 10 Fantasia. Olia á striga.  
44 × 44 sm.

- 11 Haframeisgrautur. Olia á striga.  
     49×49 sm.  
 12 Frá Þingvöllum. Olia á striga.  
     142×99 sm. Frá 1931.  
 13 Fantasia. Olia á striga.  
     51×43 sm.  
 14 Andlit. Olia á striga. 38×50 sm.  
 15 Sigling. Olia á striga. 84×41 sm.  
 16 Klettar. Olia á striga. 79×37 sm.  
     Frá 1933.  
 17 Álfadans. Olia á striga.  
     48×46 sm.  
 18 Álfaborg. Olia á striga.  
     44×29 sm.  
 19 Tröllakirkja í Hrútafirði. Olia á  
     striga. 134×97 sm.  
 20 Landslag. Olia á striga.  
     70×50 sm. Frá 1930.  
 21 Úr Svinahrauni. Olia á striga.  
     124×87 sm.  
 22 Snæfellsjökull. Olia á striga.  
     220×115 sm.

#### GUNNLAUGUR BLÖNDAL

- 29 Spegilmynnd. Kona með greiðu.  
     Olia á striga. 100×65 sm. Frá  
     1936.  
 30 Kona með greiðu. Olia á striga.  
     60×74 sm.  
 31 Frá Siglufirði. Olia á striga.  
     90×73 sm.

#### JÓN STEFÁNSSON

- 32 Gullfoss. Olia á striga.  
     148×114 sm.  
 33 Frá Þingvöllum. Olia á mason-  
     it. 59×44 sm.  
 34 Vetur. Olia á striga. 88×62 sm.  
 35 Esjan. Olia á masonit.  
     79×60 sm.  
 36 Uppstilling. Olia á masonit.  
     38×28 sm.  
 37 Frá Málakoti. Olia á striga.  
     88×75 sm.

#### ÁSGRÍMUR JÓNSSON

- 23 Frá Þingvöllum. Olia á striga.  
     106×77 sm.  
 24 Úr Borgarfirði. Olia á striga.  
     94×74 sm.  
 25 Úr Þjórsárdal. Olia á striga.  
     115×95 sm.  
 26 Frá Húsafelli. Olia á striga.  
     93×74 sm.  
 27 Túná í Lundarreykjadal. Vatns-  
     litir. 66×48 sm.  
 28 Landslag. Vatnslitir. 55×50 sm.

#### JÓHANNES S. KJARVAL

- 38 Vinur minn Egill. Blönduð  
     tækni. 56×97 sm.  
 39 Andlit. Bl.Tækni. 58×45 sm.  
 40 Andlit. Olia á pappír. 47×60 sm.  
 41 Kona. Blýantsteikning. 22×30 sm.  
 42 Litakassi og litaspjald. Vatnslitir.  
     27,5×22 sm.  
 43 Seglskúta. Blýantsteikning. 51×37  
     sm. Frá 1939.  
 44 Skip. Tússteikning. 27×20 sm.

*Allar myndirnar eru í einkaeign.*